




# Háteigur



14. árgangur 3. tbl.

26. mars 2010

**Gleðilega páska!**

<http://hateigsskoli.is>

## Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Nú líður senn að páskum og sólin malar bæinn í gulum páskalitum. Vonandi verða páskarnir til þess að endurnæra okkur fyrir vorsprettinn.

Á skólastjórafundi nýlega var fjallað um með hvaða hætti grunnskólarnir í Reykjavík vinna úr svokölluðum talnalykli sem er skimunarpróf í stærðfræði fyrir 3. bekk. Spurt var hvernig upplýsingum væri skilað til foreldra. Ég svaraði eins og margir aðrir skólastjórar að talnalykill væri tæki til að finna þá nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð í skólanum og að umsjónarkennarar létu foreldra vita af þeim nemendum í viðtölum. Nokkrir skólastjórar gerðu athugasemd við að niðurstöður talnalykils eru birtar í stöðuskýrslum grunnskólanna á heimasíðu Menntasviðs. Þannig verður þetta skimunarpróf einskonar mælikvarði á ágæti skólans sem hlýtur að vera vafasamur mælikvarði þar sem árgangar geta verið mismunandi en skólinn haldið uppi sömu gæðakröfum í starfi sínu. Það er tilfinning mín að yfirvöld vilji að við birtum öllum foreldrum niðurstöður skimana í talnalykli en þá kemur upp vandi því að við erum með margar sambærilegar skimanir. Samkvæmt stefnu Háteigsskóla í sérkennslu þá eru 4-8 skimanir í hverjum árgangi í 1.-8. bekk og að auki ein skimun í 9. bekk. Allar þessar skimanir og próf eru tæki umsjónarmanns sérkennslu og umsjónarkennara til að finna þá nemendur sem ekki fylgja aldurstengdum árangri í lestri, stafsetningu og stærðfræði. Tvö skimunarpróf kanna hugtök og hljóðkerfisvitund í 1. bekk. Það væri útilokað að koma öllum þessum niðurstöðum á framfæri við alla foreldra. Þær eru vitaskuld bakgrunnur þess skriflega mats sem nemendur og foreldrar fá í hendurnar tvisvar á vetri en einnig til grundvallar í umræðum um námsgengi í foreldraviðtölum. Foreldrar geta lesið sérkennslustefnu skólans á heimasíðunni undir krækjunni stoðþjónusta – námsver- sérkennslustefna.

Við skimum líka kerfisbundið fyrir einelti í Háteigsskóla og höfum gert það á hverju ári síðan 1999 þegar fyrsta könnun okkar á líðan var gerð. Lengi vel litum við á einelti eins og hvert annað ofbeldi og létum venjulegar úrvinnsluleiðir duga. Fyrir rúmum tveimur árum byrjuðum við að þróa nýja nálgun sem var prófuð veturinn 2008 til 2009 og reyndist svo vel að fyrirkomulagið var fest í sessi haustið 2009. Félagsráðgjafi

skólans ber ábyrgð á úrvinnsluferlinu. Nú erum við að gera enn betur. Við höfum sett eineltiskrækju á forsíðu heimasíðunnar til að auðvelda tilkynningar en hún var undir nemenda- og foreldraskrækjunni. Við erum rétt að verða búin að semja einfaldari upplýsingar sem við birtum undir hnappnum fljótlega en við höfum þegar sett inn sérstakt tilkynningarblað. Ein tilkynning hefur þegar borist og er í vinnslu.

Ég vil svo í lokin óska öllum gleðilegra páska.

Ásgeir Beinteinsson,  
skólastjóri

## Páskaleyfi

Páskaleyfi verður frá og með mánudeginum 29. mars. Nemendur mæta aftur miðvikudagsmorguninn 7. apríl.

## Rigning

Rigningin streymir endalaust þetta vetrarkvöld.

Vetur, sumar, vor og haust, þannig mun verða alla öld.

Man enþá þegar þú leiddir mig þegar rigningin streymdi enn, þú horfðir á mig og ég á þig og fórum og hlógum í senn

Lísa Phuong Anh, 7. bekk



## GÁVA

Næstkomandi laugardag verður úrslitakvöld Músíktilrauna 2010 haldið í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi. Hefst það klukkan 17. Ellefu hljómsveitir komust í úrslit úr forkeppni og í ár skipa nemendur úr Háteigsskóla eina hljómsveitina. Hljómsveitin heitir **GÁVA** og í henni eru Atli, Guðmundur, Ása og Valur; öll í 9. bekk. Eins og segir á heimasíðu Músíktilrauna, <http://musiktilraunir.is>, þá verður útvarpað á Rás 2 beint frá keppninni, en jafnframt geta þá áheyrendur kosið um Hljómsveit fólksins í símakönnun. Við erum afskaplega stolt af GÁVU og óskum þeim alls hins besta á tónlistarbrautinni.

## Skólaleikar Vals

Skólaleikar Vals voru haldnir í annað sinn í byrjun mánaðarins. Þar kepptu nemendur í 5. – 7. bekk Austurbæjarskóla, Hlíðaskóla og Háteigsskóla í óhefðbundnum íþróttagreinum, eins og dodgeball, reiptogi, boðhlaupi og körfuboltaskotkeppni.

Leikarnir voru haldnir af Val í samstarfi við áður nefnda skóla og heppnuðust afar vel í fyrra. Þá vann Háteigsskóli leikana og fékk veglegan bikar til eignar og enn stærri farandbikar sem var keppt aftur um núna.

Nú vantaði ekki nema fjögur stig upp á að Háteigsskóli ynni í annað sinn, en Hlíðaskóli varð þeim hlutskarpari. Aftur á móti unnu nemendur Háteigsskóla fallegan verðlaunagrip fyrir að vera besta stuðningsliðið, enda voru þeir sérlega þrúðir og stilltir á áhorfendabekkjunum og allt í kringum keppnina. Þeir tóku líka upp á því að dansa á pöllum þegar kunnuglegt lag úr danstímunum hljómaði um höllina. Þetta vakti mikla lukku og voru þeir sérstaklega beðnir um að sýna dansinn aftur í lok leikanna. Á heimasíðu skólans eru myndir frá leikunum ásamt myndbandsupptökum af dansinum. Við erum sérstaklega hreykin af frammistöðu miðstigsins þennan dag.

## Ballið

Á morgun ætlum við ballið á,  
þar verður örugglega margt að sjá.

Við búningum verðum í,  
við verðum öll svo sæt og fín,  
við dönsum út um allt,  
en ekki úti, þar er of kalt.  
Við dönsum alla nótt,  
þangað til að við verðum sótt.

Birta Birgisdóttir, 7. bekk

## Stóra upplestrarkeppnin

Föstudaginn 19. mars voru valdir fulltrúar skólans í Stóru upplestrarkeppninni. Tólf nemendur í 7. bekk spreyttu sig og margir þeirra stóðu sig mjög vel, höfðu lagt vinnu í æfingar og höfðu góðan skilning á textanum sem komst vel til skila.

Sigurvegarar urðu þær Selma Dögg Björgvinsdóttir og Nína Kolbrún Gylfadóttir, en til vara verða Anna Snjólaug Valgeirsdóttir og Martyna Ubaité.

Lokahátíðin verður í Ráðhúsi Reykjavíkur fimmtudaginn 25. mars.

Við óskum þeim innilega til hamingju með árangurinn og góðs gengis í Ráðhúsinu.

## Ljóð

Nú er vetur í bæ,  
þá fara allir í sæ.  
Það er komið frí,  
þá segi ég, hí, hí, hí.  
Ég fór upp í sveit,  
þá fara kindurnar á beit.  
Ég fer á hest,  
hann fær rest  
af kökusneið,  
þá verð ég leið.  
Nú er sagan búin  
og ég er orðin lúin.



Ljóðið er eftir Heiðrúnu Berg Sverrisdóttir í 5. bekk,  
en dúkristan er eftir Darra Sigþórsson í 7. bekk

## Draugasaga

Einu sinni var maður sem ætlaði að fara að sofa. Hann bjó bara einn. Hann læsti útidyrnum og lagðist niður. Allt í einu heyrðist marr. Hann stóð upp en það var niðamyrkur svo hann kveikti ljósið. Það var enginn í dyrunum og hann slökkti og lagðist aftur niður. Svo heyrðist óp allt í einu. Hann kíkti en enginn sást. Allt í einu fann hann eitthvað snerta sig og hann leit til hliðar. Þá sá hann vofu og hann faldi sig undir sæng en vofan fór líka undir sæng. „Hvað ertu að elta mig alltaf?“ spurði maðurinn. „Ég er búinn að flakka á milli húsa nótt eftir nótt og kúra hjá fólkið og þetta er besta rúmið,“ sagði vofan lágt. „Jæja þá, vertu herna þá, bara ef þú lofar mér að þú sért ekki vond,“ sagði maðurinn. „Já, ég lofa, tíu fingur upp til Gaðs,“ sagði vofan vandræðaleg. „Sko! Þú getur ekki sagt Guð út af því að þú ert vofa og það þýðir að þú ert vond,“ sagði maðurinn sem vildi ekki hafa neina vonda vofu inni hjá sér. Hann bað til Guðs alveg þangað til Guð gerði eitthvað og hvarf vofan og sá hann hana aldrei framar.

Björk Ásgrímsdóttir, 5. bekk

## Vetur

Veturinn er kaldur  
en hefur engan aldur  
af árstíðunum fyrsti er taldur  
af skapara jarðar er valdur.

Á veturna frostið bitur  
og kuldinn milli eyrnanna þýtur,  
ísbjörn á klaka til Íslands flýtur,  
himinninn alveg hvítur.

Anna Snjólaug Valgeirsdóttir, 7. bekk

## Stærðfræðikeppni grunnskóla

Hinn 9. mars fóru nemendur af unglíngastigi Háteigsskóla með stærðfræðikennara sínum, Helga Baldurssyni, og tóku þátt í stærðfræðikeppni grunnskóla í MR. Fjölmargir nemendur úr mörgum skólum tóku þátt, en niðurstaðan var sú að við náðum alls 5 nemendum í viðurkenningarsæti. Ólöf Embla í 10. bekk náði 6. sæti í sínum árgangi, Ingunn náði 2. sæti, Elín Metta 4. sæti og Kristinn 6. sæti í 9. bekk og Kári í 8. bekk náði 2. sæti í sínum árgangi. Við óskum þeim til hamingju með árangurinn.

## Bekkurinn minn

Bekkurinn minn  
er sætur  
og algjör krúttuskinn.  
Hann er ekki ætur.

Ásgeir er inni og situr,  
ritarinn plástrar málið  
og hann flytur,  
Kolla saxar kálið.

Kennarinn minn heitir Elín Ó.,  
hún er svaka fín.  
Það er alltaf friður og ró  
og alveg eins og postulín.

Svo er þessu lokið,  
þessi æðislegur bekkur.  
Nú er það rokið,  
hann er algjör sekkur.

Emma Jóhanna da Silva, 7. bekk

☞ Spakmæli mánaðarins: ☜  
Ef við snúum í rétta átt  
nægir að halda göngunni áfram.